
Fjarskipti hf.

Samandreginn árshlutareikningur
samstæðunnar

1. janúar til 31. mars 2015

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar við samandreginn árshlutareikning	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Fjarskipta hf. og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum. Árshlutareikningur samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2015 er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 3.251 millj. kr. (3.173 millj. kr. 1.1 til 31.3.2014). Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 236 millj. kr. (135 millj. kr. 1.1 til 31.3.2014). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 15.648 millj. kr. (15.536 millj. kr. 31.12.2014). Eigið fé samstæðunnar þann 31. mars 2015 nam 8.462 millj. kr. (8.503 millj. kr. 31.12.2014). Eiginfjárlutfallið 31. mars 2015 var 54,1% (54,7% 31.12.2014). Þar af nam hlutafé 3.358 millj. kr. (3.362 millj. kr. 31.12.2014).

Í ágúst 2014 var tilkynnt um endurkaupaáætlun á eigin bréfum félagsins sem rann út 28. febrúar 2015. Endurkaupin undir framangreindri endurkaupaáætlun námu 49.651.100 kr. að nafnverði.

Á aðalfundi félagsins þann 19. mars 2015 var hlutafé félagsins lækkað um 46.261.100 kr. að nafnverði eða sem nemur 4.626.110 hlutum á grundvelli VIII kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, til jöfnunar eigin hluta. Lækkunin tók einungis til eigin hluta félagsins sem félagið eignaðist með kaupum undir ofangreindri endurkaupaáætlun, lækkunin miðast við stöðu endurkaupa við lok síðasta reikningsárs. Nafnverð hlutafjár félagsins stendur í 3.362 millj. kr. eftir lækkunina.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. mars 2015 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2015.

Stjórn og forstjóri Fjarskipta hf. hafa í dag fjallað um samandreginn samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2015 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. apríl 2015

Í stjórn:

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður
Anna Guðný Aradóttir
Hildur Dungal
Hjörleifur Pálsson
Vilmundur Jósefsson

Forstjóri:

Stefán Sigurðsson

Fjárhagslegar lykiltölur

	2015	2014	2014	2013
	1F	1F		
Fjárhagsupplýsingar				
Heildartekjur	3.251	3.173	13.236	13.176
Rekstrarhagnaður	395	288	1.785	1.545
Hagnaður fyrir tekjuskatt	298	167	1.363	1.054
Hagnaður	236	135	1.094	847
Hagnaður á hlut	0,70	0,35	3,30	2,50
Fjárfestingar	309	413	1.576	1.354
Handbært fé frá rekstri	539	196	2.479	2.178
Frammistöðumat				
EBITDA tímabilsins	719	635	3.092	2.996
EBITDA hlutfall tímabilsins	22,1%	20,0%	23,4%	22,7%
Frjálst fjárflæði (FCF) tímabilsins	326	(109)	1.293	1.460
Nettó vaxtaberandi skuldir	4.584	5.535	4.571	5.319
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA	1,4 *	1,8 *	1,5	1,8

* EBITDA síðastliðinna 12 mánaða

Rekstrarreikningur

1. janúar til 31. mars 2015

	2015 1F	2014 1F *
Seldar vörur og þjónusta	3.251	3.173
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(1.740)	(1.738)
Framlegð	1.511	1.435
Rekstrarkostnaður	(1.116)	(1.147)
Rekstrarhagnaður	395	288
Fjármunatekjur	8	13
Fjármagnsgjöld	(105)	(134)
Hrein fjármagnsgjöld	(97)	(121)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	298	167
Tekjuskattur	(62)	(32)
Hagnaður tímabilsins	236	135
Hagnaður á hlut	0,70	0,35
Þynntur hagnaður á hlut	0,70	0,35

Yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 31. mars 2015

	2015 1F	2014 1F
Hagnaður tímabilsins	236	135
Önnur heildarafkoma		
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags	(45)	(16)
Heildarafkoma tímabilsins	191	119

* Framsetningu breytt, sjá skýringu 2b.

Efnahagsreikningur

31. mars 2015

	31.3.2015	31.12.2014
Fastafjármunir		
Rekstrarfjármunir	4.263	4.332
Óefnislegar eignir	7.169	7.150
Skatteign	428	479
Fastafjármunir samtals	11.860	11.961
Veltufjármunir		
Birgðir	390	329
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	2.798	2.718
Handbært fé	600	528
Veltufjármunir samtals	3.788	3.575
Eignir samtals	15.648	15.536
Eigið fé		
Hlutafé	3.358	3.362
Yfirverðsreikningur hlutafjár	2.964	2.973
Þýðingarmunur	182	227
Óráðstafað eigið fé	1.958	1.941
Eigið fé	8.462	8.503
Langtímaskuldir		
Vaxtaberandi skuldir	4.723	4.638
Tekjuskattsskuldbinding	31	32
Langtímaskuldir samtals	4.754	4.670
Skammtímaskuldir		
Vaxtaberandi skuldir	461	461
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.843	1.804
Fyrirframinnheimtar tekjur	86	65
Tekjuskattur til greiðslu	42	33
Skammtímaskuldir samtals	2.432	2.363
Skuldir samtals	7.186	7.033
Eigið fé og skuldir samtals	15.648	15.536

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 31. mars 2015

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
1.1. til 31.3. 2014					
Eigið fé 1.1.2014	3.408	3.083	246	847	7.584
Heildarafkoma tímabilsins	-	-	(16)	135	119
Eigið fé 31.3.2014	3.408	3.083	230	982	7.703
1.1. til 31.3. 2015					
Eigið fé 1.1.2015	3.362	2.973	227	1.941	8.503
Eigin hlutir	(4)	(9)	-	-	(13)
Arðgreiðsla	-	-	-	(219)	(219)
Heildarafkoma tímabilsins	-	-	(45)	236	191
Eigið fé 31.3.2015	3.358	2.964	182	1.958	8.462

Sjóðstreymisyfirlit

1. janúar til 31. mars 2015

	2015 1F	2014 1F
Hagnaður tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi	236	135
Aðlögun vegna		
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	242	273
Afskriftir óefnislegra eigna	82	74
Hrein fjármagnsgjöld	97	121
Söluhagnaður eigna	0	(3)
Tekjuskattur, breyting	62	32
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	719	632
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		
Birgðir, breyting	(61)	(68)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting	(80)	(37)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting	36	(237)
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting	21	10
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	635	300
Innborgaðar vaxtatekjur	8	8
Greidd vaxtagjöld	(104)	(112)
Handbært fé frá rekstri	539	196
Fjárfestingarhreyfingar		
Seldir rekstrarfjármunir	0	4
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(197)	(342)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(112)	(71)
Fjárfestingarhreyfingar	(309)	(409)
Fjármögnunarhreyfingar		
Endurkaup á eigin hlutum	(13)	0
Greiddur arður	(219)	0
Afborganir langtímalána	(115)	(123)
Tekið nýtt langtímalán	200	246
Fjármögnunarhreyfingar	(147)	123
Breyting á handbæru fé	83	(90)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(11)	(5)
Handbært fé í ársbyrjun	528	335
Handbært fé í lok tímabilsins	600	240

Skýringar

1. Félagið

Fjarskipti hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru í Skútuvogi 2, Reykjavík. Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2015 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar og til einstakra félaga sem samstæðufélaga.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum árshlutareikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2014. Hægt er að nálgast ársreikning Fjarskipta hf. á heimasíðu félagsins www.vodafone.is. og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins þann 29. apríl 2015.

b. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2014. Samanburðarfjárhæðum í rekstrarreikningi hefur verið breytt til samræmis við nýja flokkun á launakostnaði í rekstrarreikningi. Breytingin hefur engin áhrif á niðurstöður rekstrarreiknings.

c. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat stjórnenda við beitingu reikningsskilaaðferða og við mat á óvissu er það sama og við gerð samstæðuársreiknings 31. desember 2014.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Breyting á reikningshaldslegu mati er færð þegar hún á sér stað og á síðari reikningsskilatímabilum ef matsbreytingin hefur einnig áhrif á þau.

Skýringar, frh.:

3. Starfsþáttayfirlit Rekstrarstarfsþættir

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar. Breyting er frá framsetningu í ársreikningi 2014, þar sem vörusalan, sem var áður í öðrum tekjum er sérgreind og hluti af öðrum tekjum heimfærður á aðra starfsþætti.

Samstæðan skiptist í fimm starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

Farsími samanstendur af öllum tekjum vegna notkunar á farsímum, þ.m.t. gagnaflutningum í farsímakerfinu, áskriftartekjum frá einstaklingum og fyrirtækjum, seldum frelsisinnæignum, reikitekjum frá ferðamönnum og samtengitekjum í farsíma.

Internet samanstendur af tekjum af netþjónustu í fastlínukerfum, þ.m.t. á ljósleiðara, xDSL þjónustu og öðrum gagnatengingum.

Fastlína samanstendur af tekjum vegna notkunar á heimasíma, fyrirtækjasíma í fastlínu og samtengitekjum í fastlínu.

Sjónvarp samanstendur af tekjum af dreifingu á báðum sjónvarpsdreifikerfum Vodafone, leigutekjum af myndlyklum og tekjum af leigu einstakra kvikmynda og þátta (VOD).

Vörusala samanstendur af sölu á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.

Aðrar tekjur samanstanda af þjónustutekjum og leigu á endabúnaði.

Rekstrarstarfsþættir	Farsími	Internet	Fastlína	Sjónvarp	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 31.3.2015								
Tekjur frá þriðja aðila	1.120	839	377	423	351	141	-	3.251
Innri tekjur	-	2	10	-	3	11	(26)	0
Tekjur samtals	1.120	841	387	423	354	152	(26)	3.251
Óskipt rekstrargjöld								(2.532)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)								719
Afskriftir								(324)
Hrein fjármagnsgjöld								(97)
Tekjuskattur								(62)
Hagnaður tímabilsins								236
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags								(45)
Heildarafkoma tímabilsins								191
Óskiptar eignir 31.3.2015								15.648
Óskiptar skuldir 31.3.2015								7.186
Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2015 til 31.3.2015								309

Skýringar, frh.:

3. Starfsþáttayfirlit, frh.:

Rekstrarstarfsþættir	Farsími	Internet	Fastlína	Sjónvarp	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 31.3.2014								
Tekjur frá þriðja aðila	1.125	802	404	413	279	150	-	3.173
Innri tekjur	-	2	11	-	19	16	(48)	0
Tekjur samtals	1.125	804	415	413	298	166	(48)	3.173

Óskipt rekstrargjöld								(2.538)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)								635
Afskriftir								(347)
Hrein fjármagnsgjöld								(121)
Tekjuskattur								(32)
Hagnaður tímabilsins								135
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags								(16)
Heildarafkoma tímabilsins								119

Óskiptar eignir 31.12.2014 **15.536**

Óskiptar skuldir 31.12.2014 **7.033**

Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2014 til 31.3.2014 **413**

Landsvæðisskipting

Tekjur samstæðunnar greinast þannig eftir landsvæðum:

1.1. til 31.3.2015	Ísland	Færeyjar	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu	2.814	437	3.251
EBITDA á tímabilinu	626	93	719
Eignir starfsþátta í lok tímabilsins	14.452	1.196	15.648
Fjárfestingar tímabilsins	262	47	309

1.1. til 31.3.2014

Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu	2.736	437	3.173
EBITDA á tímabilinu	545	90	635
Eignir starfsþátta 31.12.2014	14.198	1.338	15.536
Fjárfestingar tímabilsins	389	24	413

Skýringar, frh.:

4. Önnur mál

Stefna vegna innbrots í tölvukerfi

Á uppgjörstímabilinu var þingfest stefna á hendur félaginu þar sem gerð er krafa um bætur vegna tjóns sem einstaklingur telur sig hafa orðið fyrir vegna innbrotsþjófnaðar erlends tölvuhakkara á heimasíðu Fjarskipta hf. í nóvember 2013 og í kjölfarið dreifingu þjónsins og annarra á hinum stolnu gögnum. Gerð er krafa um skaða- og miskabætur að fjárhæð 8,4 millj. kr., auk vaxta og málskostnaðar. Lögmennt félagsins vinna nú að greinargerð en ekki liggur fyrir hvenær aðalmeðferð verður. Fjarskipti hf. álitur, telji dómstólar félagið yfirleitt bótaskyldt, líklegt að dæmdar fjárhæðir í þessu eða öðrum hliðstæðum málum, sem boðuð hafa verið, hafi í öllu falli óveruleg áhrif á rekstur og efnahag félagsins.

Síminn hf. krefur Fjarskipti hf. um skaðabætur

Fjarskiptum hf. barst á tímabilinu krafa frá Símanum um skaðabætur vegna meintrar ólögðrar notkunar á vörumerkinu Tímaflakk. Krafan er að fjárhæð 400 millj. kr. Fjarskipti hf. telja ekki grundvöll fyrir kröfunni. Ágreiningur er um skráningu Símans á vörumerkinu sem ekki hefur verið til lykta leiddur. Fyrir liggur nýlegur úrskurður Einkaleyfastofu, frá 12. febrúar 2015, sem kveður á um að skráning Símans á orðmerkinu Tímaflakk skuli halda gildi sínu. Fjarskipti hf. hafa áfrýjað þessari ákvörðun til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Auk þess telur Fjarskipti hf. fjárhæð bótakröfunnar í engu samræmi við málsatvik og dómafordæmi.

Fjarskipti hf. gegn Tali (nú 365 miðlum ehf.) og Tal (nú 365 miðlar ehf.) gegn Fjarskiptum hf.

Í tilkynningu Fjarskipta hf. til Kauphallar, dags. 17. mars 2014, var upplýst að Fjarskipti hf. hefði stefnt Tali (IP-Fjarskiptum ehf.) fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur til greiðslu reikningsskuldar vegna fjarskiptaþjónustu sem Vodafone veitti Tali á grundvelli samninga á árunum 2011 og 2012. Krafa Vodafone nam rúmlega 117 millj. kr. og krafðist félagið þess að fá þá upphæð greidda auk vaxta.

Undir rekstri málsins fór Tal fram á frávísun þess. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 17. desember 2014 var frávísunarkrafa Tals tekin til greina m.a. á þeirri forsendu að hluti ágreiningsins heyri undir gerðardóm en ekki almenna dómstóla. Þann 31. mars 2015 birti félagið stefnu á hendur 365 miðlum ehf. er lýtur að þeim hluta málsins sem heyrir undir almenna dómstóla. Málið var þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þann 9. apríl 2015. Stefnufjárhæð er um 44 millj.kr., auk vaxta og málskostnaðar. Höfðun máls fyrir gerðardómi er í undirbúningi vegna þeirra krafna sem eftir standa af framangreindum viðskiptum sem nema um 67 millj. kr. auk vaxta.

Rétt er að taka fram að óvissa ríkir áfram um efnislega niðurstöðu dómsmálsins, sem og fyrirhugaðar gerðardómsmeðferðar. Verði 365 miðlar ehf. að endingu dæmdir til greiðslu á framangreindri kröfu Fjarskipta hf. mun það hafa jákvæð áhrif á fjárhag Fjarskipta hf.

Í tengslum við sama ágreiningsefni stefndi Tal Fjarskiptum hf. fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur til staðfestingar á ólögðri riftun og viðurkenningar á skaðabótaskyldu vegna riftunar. Tal hefur ekki gert kröfu um greiðslu tiltekinna skaðabóta en hefur þess í stað höfðað viðurkenningarmál þar sem krafist er viðurkenningar á skaðabótaskyldu. Gert er ráð fyrir að aðalmeðferð málsins verði á öðrum ársfjórðungi 2015.

5. Atburðir eftir uppgjörsdag

Önnur stefna vegna innbrots í tölvukerfi

Eftir uppgjörsdag var þingfest stefna á hendur félaginu vegna innbrots í tölvkerfi þess í nóvember 2013. Er þetta önnur stefnan vegna innbrotsins, sbr. skýring hér að framan. Gerð er krafa um skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 90 millj. kr. auk vaxta og málskostnaðar. Sem fyrr telur félagið verulegan vafa leika á bótaskyldu og að dæmdar fjárhæðir, telji dómstólar bótaskyldu yfir höfuð til staðar, hafi í öllu falli óveruleg áhrif á rekstur og efnahag félagsins. Fyrir liggur að stefnufjárhæð er í engu samræmi við dómafordæmi í skaða- og miskabótamálum hér á landi.

Fjarskipti hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun

Eftir uppgjörsdag var jafnframt þingfest stefna í Héraðsdómi Reykjavíkur gegn Póst- og fjarskiptastofnun, með þeirri dómkröfu að ógiltur verði með dómi úrskurður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála í máli nr. 3/2014 frá 11. október 2014. Í umræddum úrskurði var staðfest sú niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að vefkerfi félagsins falli undir gildissvið fjarskiptalaga og þar með lögsögu Póst- og fjarskiptastofnunar. Félagið hefur hagsmuni af því að fá þessari niðurstöðu hnekkt, án þess þó að málið hafi veruleg áhrif á rekstur og efnahag félagsins.